

Minjastofnun
ÍslandsThe Cultural
Heritage Agency
of IcelandKópavogsbær
b.t. Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúiFannborg 2
200 KópavogurMinjavörður Reykjavíkur og
nágrennisSuðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.isReykjavík 2. september 2021
MÍ202107-0093/ 6.10 / 0875**Efni: Suðurlandsvegur - lagning strengja**

Með bréfi dagsett 14. júlí 2021 óskaði skipulagsfulltrúi Kópavogs eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu strengja, Lögbergslínu við Suðurlandsveg. Meðfylgjandi erindinu voru skipulagsgögn (greinargerð og drög af uppdráttum) unnin af Verkís dagsett 25. júní 2021 fyrir hönd Veitna ohf. Þar sem uppdrættirnir voru frekar ólæsilegir hafði Minjastofnun samband við Verkís þann 30. ágúst 2021 og fékk senda nýja uppdrætti sem merktir voru grunnmynd 6-11.

Fram kemur í gögnunum að áætluð framkvæmd sé 16,5 km löng, þar af er 10 km kafli á landi Kópavogsbæjar. Hluti landsins er þjóðlenda og beðið er svara frá forsætisráðuneytinu varðandi heimild. Strengurinn verður lagður í gamla þjóðveginn þannig að rask á landi verði í lágmarki. Aðeins á stuttum kafla norður af gatnamótum Bláfjallavegar og vestast á svæðinu liggur strengleiðin ekki í vegstæði og mun þar valda jarðraski. Áætlað er að plægja jarðstreng, ljósleiðara og jarðvír ásamt uppsetningu á dreifistöðvum. Veitur munu óska eftir að lóðir verði stofnaðar fyrir byggingu stöðvanna. Einnig er áætlað að núverandi loftlína verði tekin niður.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Fyrir liggja þrjár fornleifaskráningar er ná yfir hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði; *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði*, unnin af Dagnýju Arnarsdóttur og Ragnheiði Gló Gylfadóttur 2006, *Fornleifaskráning Kópavogs endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019 og *Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs*, einnig unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2020. Þessar skráningar eru í samræmi við 16. gr. laga

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

um menningarminjar nr. 80/2012 og teljast fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa framkvæmdaleyfis.


Til að Minjastofnun geti metið áhrif framkvæmda á minjar á framkvæmdasvæðum er mikilvægt að útlínur skráðra fornleifa komi fram á þeim uppdráttum sem sendir eru stofnuninni sbr. reglur nr. 620/2019, en það var ekki tilfellið í þeim gögnum sem fylgdu þessu erindi. Starfsmaður stofnunarinnar hafði því samband við Verkís og fékk send landupplýsingagögn varðandi staðsetningu strengsins og bar saman við landupplýsingagögn úr fornleifaskráningum þar sem kom í ljós að nokkuð er um minjar frá ýmsum tímum nálægt áhrifasvæði strenglagnarinnar og mætti þar nefna heimatún Læjarbotna bæjarins sem er umkrint gömlum túngarði en innan hans er svo að finna heimagrafreit, bæjarhól og fleiri búsetuminjar. Einnig mætti nefna steypa húsgrunna (mögulegar herminjar) og stein með áletrun. Engar þessara minja telst þó í beinni hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Mælst er þó til að staðsetningar minjanna og uppmælingar á þeim verði færðar inn á framkvæmdauppdraetti til að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski t.d. vegna umferðar vinnuvéla. Mun Minjastofnun senda framkvæmdaaðila (Verkís) tilheyrandi landupplýsingagögn fyrir minjarnar.

Til upplýsinga er einnig bent á leiðbeiningarit Minjastofnunar varðandi veituframkvæmdir og fornleifar sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir en minnir á að friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið sbr. 22 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Varðandi áætlanir um niðurrif á núverandi loftlínu, þá þarf sú framkvæmd einnig að koma inn til umsagnar Minjastofnunar þegar þau gögn liggja fyrir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúi Kópavogs (skipulag@kopavogur.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)